




NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

Fornleifarannsókn vegna framkvæmda í Þjóðgarðinum á Þingvöllum



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr.03-18
Febrúar 2018

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning mán/ár: xx
		Dreifing: <input type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til: <input type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
Skýrsla nr: NV nr. 3-18	Verknúmer: 367	
Heiti skýrslu: Fornleifarannsókn vegna framkvæmda í Þjóðgarðinum á Þingvöllum		Blaðsíður: 7
		Upplag: 4
Höfundur: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Fjöldi korta:
		Gerð skýrslu/Verkstig:
Verkefnisstjóri: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Unnið fyrir: Þjóðgarðinn á Þingvöllum
ÚTDRÁTTUR Skurður var gerður vegna framkvæmda á Þingvöllum. Engar minjar fundust.		
Lykilorð íslensk: Könnunarskurður		Lykilorð ensk: Test trench
Undirskrift verkefnastjóra:		Yfirfarið af: Guðrún Jóna Þráinsdóttir

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR.....	2
1. INNGANGUR.....	4
2. AÐFERÐAFRÆÐI.....	4
2.1 Aðferðir og viðmið.....	4
3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ	5
4. FRAMKVÆMDIN.....	5
5. NIÐURSTAÐA.....	6

1. INNGANGUR

Fyrirhugað er að reisa þjónustuhús á Þingvöllum, Bláskógabyggð. Byggingin mun vera skammt vestan við núverandi bílaplan á því svæði sem kallast Kastali. Byggingarreiturinn undir þjónustuhúsið er 22 m á lengd NNA-SSV og um 7 m á breidd.

Krafa Minjastofnunar Íslands samkvæmt bréfi frá Minjaverði Suðurlands dagsettu 21.04.2017 (MÍ201704-0050/8.00/U.Æ.) var að fornleifafræðingur yrði fenginn til að grafa skurð með fulltingi vélgröfu. Skurðurinn ætti vera um 20 m langur, miðjusetur eftir endilöngum byggingarreitnum (NNA-SSV), og um 1 m breiður. Skurðurinn gat verið mjórri ef þannig bar undir en þó ekki mjórri en 0,6 m. Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða annaðist framkvæmd rannsóknarinnar sem gerð var þann 25.04.2017. Uppgrafterleyfið var númer 201704-0054 og númer Þjóðminjasafns var 2017-08.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Notuð var lítil vélgrafa til verksins og fylgdist fornleifafræðingur með þegar grafan skóf með 1.2 m breiðri skóflu í plani.

2.1 Aðferðir og viðmið

Eftirfarandi kröfur um aðferðafræði komu fram í bréfi Minjastofnunar „ *Ef komið verður niður á gólflag sem ekki er einungis traðk af fótum húsdýra skal taka fleytingarsýni og skordýrasýni. Ef aðstæður eru þannig skal taka örformgerðarsýni (tin) á stað sem spannar gólflagið þar sem það er þykkast. Efnafræðileg sýni (Chemical s.) skal taka ef aðstæður kalla á það; þegar komið er í ljós hversu umfangsmikið gólfið er og hvers eðlis það er. Ákvarðanir um sýnatöku skal taka í samráði við minjavörð. Nota skal 4 mm sigti til að sigta mannvistarlög ef komið verður niður á öskuhaug eða mannvistarlög sem eru rík af beinum og gripum. Hirða skal alla gripi og dýrabein sem finnast.*

Nánari lýsingu á aðferðafræði sýnatöku og sýnaúrvinnslu ásamt gripa- og beinagreiningu má nálgast hjá minjaverði ef sú staða kemur upp. Sjá einnig úrvinnslukafla hér aftar. Ef þurfa þykir skal kalla til jarðfræðing með sérþekkingu á gjóskulögum til að greina gjóskulög sem tímasett geta mannvirkið og notkunartíma þess. Ef gjóskulög nýtast ekki til aldursgreiningar skal senda viðeigandi lífrænt sýni úr öruggu samhengi við mannvistarlög til geislakolsgreiningar sé það

mögulegt. Ef mannvistarleifar finnast í skurði skal teikna snið í mælikvarða 1:10 eða 1:20 eftir atvikum“¹

3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

Framkvæmdasvæðið er neðan við Fangbrekku nærri svokölluðum Kastala austan við Öxará í Þjóðgarðinum á Þingvöllum, rétt vestan við bílastæðið P2.

4. FRAMKVÆMDIN

Grafin var 20 m langur skurður með stefnuna (NNA-SSV) breidd hans var 1,2 m og dýpt 2 m.



Mynd 1. Skurðurinn var grafin með lítilli gröfu. Tekið í A. Ljósmynd:MHH

¹ Bréf frá Minjaverði Suðurlands. Dagsett. 21.04.2017 (MÍ201704-0050/8.00/U.Æ.)



Mynd 2. Dýpt skurðarins var 2 m engin mannvistarlög fundust í skurðinum. LjósM.MHH. Tekið í SA.

5. NIÐURSTAÐA

Engin mannvistarlög fundust í skurðinum. Lögin voru mjög hrein moldarlög og áfokslög og hafði gjóska blandast við lögin en var ekki að finna mikið af óhreyfðum gjóskulögum nema forsöguleg gjóskulög neðst í skurðinum. Líklegt er að Öxará hefur flætt þarna yfir reglulega og blandað lögum og borið með sér jarðveg. Nær öruggt má telja að innan framkvæmdareits fyrirhugaðs húss er ekki að finna neinar minjar, hinsvegar gætu verið minjar við klettana SV svæðis og ber því að fara um svæðið með gát við framkvæmdir. Komi óvæntar minjar í ljós við framkvæmdir ber að stöðva þær og hafa samband við Minjastofnun Íslands.